

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um fræðslumyndir í sjónvarpi.

Frá Merði Árnasyni.

1. Greiðir Ríkisútvarpið fyrir sýningu fræðslumynda Landsvirkjunar um Kárahnjúka-virkjun í sjónvarpinu og ef svo er, hversu mikið fyrir hverja mynd?
2. Hver hefur verið kostnaður Ríkisútvarpsins við sýningu myndanna hingað til og hver er áætlaður heildarkostnaður samkvæmt áætlun um sýningu allra myndanna?
3. Telur ráðherra að gætt sé hlutlægni við gerð þessara fræðslumynda í samræmi við 2. og 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, og 4. og 5. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf.?